



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kristnihátíð í Rangárvallasýslu
11. júní 2000

Virðulegi vígslubiskup og prestar
Kæru Rangæingar

Það er mér mikið gleðiefni að hitta ykkur á ný og ganga á vit hinnar miklu sögu sem héraðið geymir, minnst í Odda boðskaparins sem gert hefur fagnaðarerindið að lífsljósi, trú og von íslenskrar þjóðar í aldanna rás, jafnt á björtum tímum sem myrkum, að leiðarljósi um dimman dal erlendrar kúgunar og áþjáunar, fagnaðarljósi á vordögum frelsis og endurreisnar, á skeiði framfara og farsældar.

Kristin trú hefur verið kjarninn í íslenskri tilveru, kjölfesta í sjálfsmynd þjóðarinnar í þúsund ár. Hún birtist í einfaldri morgunbæn bóndans á bæjarhlaði, blessunarorðum á kveðjustundu, signingu áður en ýtt er úr vör eða haldið yfir fljótið stríða, fermingu og skírn í fátæklegri sveitakirkju, jarðsetningu á nöprum vetrardegi. Líf okkar allt frá vöggu til grafar og þjóðarinnar í þúsund ár, frá Þingvöllum til okkar tíma, hefur verið samofið fagnaðarerindinu, boðskap frelsarans um fyrirgefningu og eilífa náð, um kærleika, samhjálp og samstöðu.

Kirkjan, völdug og sterk, búin ýmist til sóknar eða varnar, hefur verið samtvinnuð örlögum Íslands, aldarspegill á hverri tíð, skjól og huggun, hátíðarhús og gleðigjafi, uppspretta lista og hagleiks, sköpunar á fögrum verkum.

Hér á Rangárvöllum voru í árdaga heimaslóðir íslenskrar kristni; fyrir nær þúsund árum fornir krossar á Eystra-Skarði búnir mikilli helgi og í hugum margra tengdir sjálfri kristnitökunni á Þingvöllum; kannski þeir sömu og Hjalti Skeggjason lét til Lögbergs bera.

Hér risu á fyrstu öld kristnidóms í landi okkar elstu kirkjur sem sagnir greina. Á höfuðbólunum Odda og Breiðabólstað bjuggu frumkvöðlar kirkju og kristni, Sæmundur fróði og biskupsefni mörg og merk áttu hér góða daga, nutu víðsýni andans og einstæðrar náttúru, öðluðust djúpan skilning á inntaki og eðli þess kristnidóms sem lengst og best hefur dugað.

Enn hljóma hér í sveitum kirkjuklukkur sem öld af öld hafa kallað kynslóðirnar til tíða og messusöngs og virðast geyma í djúpum tónum minningar um líf og örlög þess góða fólks sem átti á kirkjubekkjum kyrrðarstund frá amstri dægra.

Hér eru fornir kaleikar og kirkjukrónur, altarisstjakar, töflur og skírnarskálar, hagleiksgripir og listasmíð sem bera vitni um alúðina sem jafnan helgaði handverkið sem ætlað var til dýrðar drottni.

Hér getur að líta verk brautryðjenda sem á bernskuskeiði nútímans gáfu þjóð sinni verk sem spegla í senn hið besta úr íslenskum arfi og innblástur erlendra strauma í stíl og myndum. Rögnvaldur Ólafsson, Guðjón Samúelsson og Ríkharður Jónsson hafa allir skapað hér í sýslunni kirkjur eða gripi, prýði héraðs og stolt safnaða. Hagleiksmennirnir Ólafur Túbals og Ámundi snikkari og margir aðrir snillingar gerðu myndir og kjörgripi í gömlum guðshúsum hér um slóðir, verk sem birta í einfaldleik sínum hughrifin sem kristnin kveikir; einlæg list sem hyllir kærleika Krists og eilíft líf, réttlæti Guðs og gæsku.

Á þeim hraðfleygu tímum sem við nú lifum er kristnihátíð ekki aðeins vettvangur gleði og fagnaðar. Á kristnihátíð hægjum við ferð og lítum um öxl til allra þeirra sem lögðu hönd að því verki að treysta framgang íslenskrar kirkju og kristni á langri leið. Hátíðin er lofgjörð til þeirra sem fórnir færðu svo íslensk kristni hlyti klæðin sem hún ber, óður til allra sem áttu þátt í því að skapa hér samfélag sem hefur í hornsteinum kristin gildi samhjálp og mannúðar, áminning um að gleyma aldrei kærleikanum til allra manna.

Okkur er tamt að telja til þjóðminja eingöngu það sem á söfnum er geymt en kristnihátíð ætti að vekja okkur til umhugsunar um fjársjóðinn sem héruðin eiga, fjársjóð í kirkjum, fögrum og stílhreinum, gömlum og nýjum, fjársjóð í því mikla safni kjörgripa sem kirkjurnar geyma, verka sem fylla okkur lotningu og þakklæti gagnvart þeim sem á undan gengu.

Kristnihátíð er kærkominn tími til að hugleiða hvernig við getum best varðveitt þennan arf, arfinn sem er vitnisburður um sögu sýslu og þjóðar, hugleiða hvernig við getum fótað okkur í framtíðinni svo að öll

okkar ganga verði sæmandi þeim boðskap sem kristnin færir og fórnir kynslóðanna hafa um aldir hert í eldi, hvernig við höldum til móts við nýja tíð í því umröti sem nú blasir við á flestum sviðum.

Kristin trú er ekki aðeins vissa um fyrirgefningu og náð Guðs, um eilíft líf. Hún er líka leiðarbók um siðferði okkar og rétta breytni, umburðarlyndi og mannúð, um sönn lífsgæði og gildi samfélags sem kennir sig við kristni, um rétt okkar minnstu bræðra og systra, um örlög mannkyns alls.

Við gleymum því oft í iðukasti dagsins anna að trúin og kristið líf er ekki aðeins bundin helgistundum og hátíðarmessum í kirkjum landsins. Þau eiga að vera samofin verkum okkar og breytni, mælikvarði á það sem er göfugt og gott. Þau geyma þá ögrun sem öllu er æðri: vilja okkar til að fórna og fyrirgefa í annarra þágu.

Umburðarlyndi kristinnar trúar á ef til vill meira erindi til okkar nú en oftast áður því hraði breytinganna og miskunnarleysi kapphlaupsins á markaðstorgum og í valdsins sölum hefur gert okkur dómhörð, svipt í burtu þeirri tillitsemi sem áður var aðal okkar Íslendinga. Hinn samfélagslegi boðskapur kristinnar er okkur nauðsynleg kjölfesta og við megum ekki glata honum í ákafanum eftir því gulli sem um stund kann að glóa.

Þið hafið hér í sýslunni búið við sterka samkennd og samheldni og því kynntist ég vel í heimsókn minni í vor. Hvar sem ég fór sýndu verk ykkar alúð við uppeldi æskunnar, virðingu gagnvart menningu og arfleifð, bjartsýni við mótun nýrra tækifæra til atvinnu og farsældar.

Ég veit að oft kunna mótlæti og hörð glíma við dagsins önn að vekja vonbrigði, en dagarnir með ykkur fyrr á þessu vori sýndu mér að á Rangárvöllum er þróttmikið og blómstrandi mannlíf, skapandi sveit sem nýtir hæfileika hvers og eins og er staðráðin í að sigrast saman á sérhverri þraut.

Með þá bjartsýni í huga fögnum við á ný og heiðrum þá arfleifð sem þúsund ára kristni hefur fært okkar þjóð og sýslunni ykkar. Megum við hvert og eitt og saman njóta þeirrar blessunar sem Guð getur veitt og finna í för um framtíðarlendur þá leiðsögn sem boðskapur Krists um kærleika og samkennd veitti kynslóðunum sem á undan gengu.